

Mál nr. 412/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis.

Ágreiningur um greiðslu fyrir skýrslu sjúkraþjálfara vegna slyss 6.5.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.12.2017 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-31.
2. Bréf V dags. 9.1.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M varð fyrir umferðarslysi 6.5.2015 og sem lið í gagnaöflun vegna slyssins var óskað eftir skýrslu frá sjúkraþjálfara, sem hafði annast um meðferð M. V hafnaði greiðslu fyrir skýrslu sjúkraþjálfara með vísan til þess að skýrslans félli ekki undir nauðsynlega gagnaöflun. M gerir kröfu til þess að V greiði fyrir skýrsluna og telur hana nauðsynlegan hluta gagnaöflunar vegna slyss M og bótakröfu hennar á hendur V. M telur skýrslu sjúkraþjálfarans vera mikilvægt gagn og tekið sé mið af henni í fyrirliggjandi matsgerð. M vísar til 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og telur einsýnt að V beri að greiða fyrir skýrsluna en heildarkostnaður vegna skýrslunnar sé kr. 93.500.- V hafnar bótaskyldu og segir að til þess að reikningur vegna skýrslu sjúkraþjálfara fái greiddur þurfi skýrslan að vera nauðsynlegt gagn í málinu til að hann verði talinn sem sjúkrakostnaður. V segir að greiðslu fyrir skýrsluna hafi verið hafnað þar sem ekki hafi komið fram í skýrslunni umfjöllun um áverka M sem ekki sé fjallað um í öðrum gögnum málsins. V segir ekki alls kostar rétt að matsmenn hafi grundvallað niðurstöðu fyrirliggjandi mats á skýrslu sjúkraþjálfarans.

Álit.

Af öllum gögnum málsins virtum þá verður ekki annað séð, en það hafi verið eðlilegur þáttur í gagnaöflun vegna slyssins sem M hlaut að fara fram á að sjúkraþjálfari sem er með M í meðferð gæfi skýrslu um ástand M, meðferð og batahorfur. Skýrslan getur ekki talist vera ónauðsynleg eða að hún gefi ekki greinargóða lýsingu á málsatvikum að því leyti sem þau heyra undir sjúkraþjálfara og kostnaður við hana er ekki úr hófi. Skýrsla sjúkraþjálfarans telst því vera eðlilegur og nauðsynlegur liður í gagnaöflun og á M því rétt á því að V greiði fyrir skýrslu sjúkraþjálfarans. Ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

V ber að greiða kostnað vegna gerðar skýrslu sjúkraþjálfara.

Reykjavík 30.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.